

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs Suðursvæði 22. fundur

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs – Suðursvæði

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **miðvikudaginn, 18. ágúst 2010** í Ráðhúsi á Höfn **kl. 16:00**.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson og Guðrún Ingimundardóttir. Skúli Skúlason, Hrafnhildur Hannesdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir voru í síma. Einnig Regína Hreinsdóttir.

Gengið var til dagskrár:

1. Veglagning upp úr Hoffellsdal

Lögð fram samantekt dags. 12. ágúst 2010. Kom fram að áframhaldandi fyrirhuguð veglagning upp úr Vesturdal og að jökli sé eitt af álitamálum sem komið hafa fram í vinnu að verndaráætlun. Kom fram að landeigendur vilja ekki útiloka í framtíðinni að vegur verði lagður að jökli. Í umræðu var mikið rætt um hvar vegur skuli enda og áningastaður að byggjast upp og rætt m.a. um Fossdal. Svæðisráð leggur til að heimilað verði að lengja núverandi veg rétt innan við þjóðgarðsmörk og skipuleggja þar áningarstað.

Svæðisráð leggur áherslu á að farið verði í fyrirbyggjandi aðgerðir vegna utanvegaaksturs.

2. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið 16.20